

## Sjálfstæði

Sjálfstæði er hugtak, sem oft er nefnt og mikil áhersla er lögð á, bæði af einstaklingum og þjóðinni í heild og er það í raun og veru eðlilegt, því grundvöll íslensks þjóðernis er að finna einmitt í þessu hugtaki. Það var sjálfstæðisviðleitni og hvöt landnámsmannanna, sem knúði þá til þess að flytjast af landi brott í Noregi og mynda hér í landi sjálfstæða lífsaðstöðu og ríki. Þeir vildu fyrir engan mun lúta yfirdrottun annarra. Og sú hugsun hefir ríkt með niðjum þeirra síðan.

En hugtak eða hugsjón er út af fyrir sig nauðsynleg til þess að keppa að. Hún er takmark, sem nauðsynlegt er að ná og svo að viðhalda og tryggja með öllu móti, því er hugsjón, stefnumarkið, annað en framkvæmd þess. Og með því að sjálfstæði fornanna gat eigi haldist í framkvæmd, varð að endurvekja það og vinna að því, að það næðist á ný, og má segja, að í orði kveðnu sé nú svo komið, að þessu takmarki sé náð með sambandslögunum frá 1918.

En mér finnst hugmyndum manna um sjálfstæði mjög ábótavant og því vildi ég gera tilraun til þess að skýra það frá mínu sjónarmiði. Ég vildi reyna að benda á þau skilyrði, sem að mínum dómi er nauðsynlegt að fullnægja, til þess að unnt sé í raun og veru að skapa fullkomið sjálfstæði einstaklinga og þjóðar, svo að unnt sé að halda og viðhalda þessu sjálfstæði í nútíð og framtíð.

### Hvað er sjálfstæði?

Áður en ég tek til við aðalefnið vil ég gera ofurlitla tilraun til þess að svara þessari spurningu. Athuganir þær, er hér fara á eftir, eru óhjákvæmileg afleiðing af þessu svari mínu.

Sjálfstæði er að vera hafinn yfir takmarkanir, hafa náð valdi yfir hugsunum, tilfinningum og athöfnum og vera kominn í samræmi við öll lög og lögmál og á þann hátt vaxinn upp úr þeim. Og sú þjóð, sem er að miklu leyti samsett af slíkum einstaklingum, er fær um að halda og viðhalda sjálfstæði sínu. Og því fámennari sem hún er, því meiri nauðsyn er á því, að hún og þegnar hennar fylgi þessum kröfum og geri þær sér að ófrávíkjanlegri meginreglu. Menn verða í öllum athöfnum sínum að kappkosta að fylgja stranglega þeim siðferðislegu kröfum í viðskiptum sínum við aðra, svo að þeir verði færir um að halda sjálfstæði sínu í öllum greinum.

Hver eru svo skilyrðin, sem þarf að fullnægja, til þess að þetta gullvæga hugtak, sjálfstæði, geti orðið að raunveruleika. Þá þarf að athuga stuttlega aðalatriði þessa mikla nauðsynjamáls í sambandi við afstöðu einstaklingsins og á þeim grundvelli afstöðu þjóðarinnar í heild.

### Sjálfstæði einstaklingsins

Í þessu máli, eins og öllum þeim málum, sem varða þjóðarheildina, verður fyrst að byrja á einstaklingnum, vegna þess að þjóðin er samsöfnun margra einstaklinga, sem í sameiningu móta eina sameiginlega heild. Það er því náð samband á milli einstaklingsins og heildarinnar og er þetta svo samofið að eigi verður sundurskilið. Þess vegna verður að byggja upp heilbriggt og sjálfstætt þjóðfélag. Byrja þarf á því að gera fyrst kröfurnar til einstaklinganna og byrja á þeim að skapa þjóðarsjálfstæðið.

---

Vil ég þá minnst stuttlega á það, hvað einstaklingurinn þurfi að hafa í huga, ef hann vill í raun og veru vera sjálfstæður maður.

## 1. Sjálfstæði í athöfnum

Hann verður að lifa einföldu, óbrotnu og heilbrigðu lífi. Bindindi og reglusemi í öllum greinum verður að einkenna allar athafnir hans. Einföld, hagkvæm húsakynni, enginn íburður, allt látlaust og einfalt, en þó þægilegt og hagkvæmt. Einfalt mataræði og óbrotið. Helst að gæta þess að neyta þeirrar fæðu, sem er ný, hrein og óskemmd. Ofnautn í mat og drykk veikir líkamann og hindrar starfsemina. En á stöðugri starfsemi byggist að miklu leyti sjálfstæði einstaklingsins. Menn hafa í raun og veru ekki ráð á að eyða tímanum í aðgerðaleysi. Skipting vinnunnar er hvíld. Þegar menn hafa unnið þá vinnu, sem er skilyrði fyrir lífsviðurhaldi þeirra og framfærslu, þá á að nota frístundirnar til annarra gagnlegra starfa í sambandi við fræði og listaiðkanir. Í þessu liggur hvíldin, að skipt er um viðfangsefni, en ekki í aðgerðaleysi. Við aukastörfin, listir og vísindaiðkanir, er hið hugræna og listræna líf manna æft og þroskað. En þetta nýtur sín svo best, að lífað sé einföldu og reglusömu lífi.

Í grein minni „Þjóðskipulag og þróun“ benti ég á þá eiginleika, sem hinn góði þegn hefði til brunns að bera, og eru þeir allir þess eðlis, ef vel og nákvæmlega er að gáð, að þeir eru skilyrði fyrir því að geta orðið sjálfstæður í lífi og athöfnum.

Ævinlega verður að gæta þess, að eyða aldrei meiru en því sem raunverulegar tekjur hrökkva til, því að öðrum kosti eru menn orðnir öðrum skuldugir áður en varir og eru þeim háðir í ýmsu tilliti. Athafnafrelsið er heft vegna skuldbindinga, sem aldrei hefðu átt að eiga sér stað.

Öllum lofordum verður að fullnægja skilyrðislaust, því ef þeim er eigi fullnægt, er frelsið, sjálfstæðið í voða og óþarfar sakir hvíla á mannum svo lengi sem þeim er eigi fullnægt og þau afmáð.

Sanngirni í öllum viðskiptum verður að vera ófrávíkjanleg regla, því að öðrum kosti rísa upp kvaðir og óþægindi, sem hefta sjálfstæðið að meira eða minna leyti.

Sérdrægni og svik eru afar hættuleg öllu sjálfræði manna og sjálfstæði og hefta hina raunverulegu framför þeirra.

Í öllum atriðum verða menn að hafa það hugfast, að „það, sem þér viljið að mennirnir geri yður, það skuluð þér og þeim gera“, eða, að það, sem þér viljið ekki að mennirnir geri yður, það skuluð þér ekki þeim gera.

Menn verða að kappkosta að temja sér fullkominn heiðarleik í öllum athöfnum, smáum og stórum, til þess að þeir geti haldið og viðhaldið hinu efnalega og þjóðhagslega sjálfstæði sínu.

## 2. Siðrænt sjálfstæði

Hið siðferðilega sjálfstæði er náskykt og tengt athafna- og fjármunalegu sjálfstæði, því hið síðarnefnda á sér í raun réttir stöð sína í því fyrra. Menn verða því að byggja allt líf sitt á strangri siðferðiskennd, ef þeir eiga að halda og viðhalda fullu sjálfstæði. Siðferðileg framför og þróun er því nauðsynleg til þess að efla frelsi og sjálfstæði einstaklingsins, því að öðrum kosti er allt sjálfstæði rokið út í veður og vind áður en varir. Maður, sem hefir áberandi siðferðisgalla, verður ævinlega hornreka í mannfélaginu og menn hliðra sér hjá því að eiga

viðskipti við hann. Og því er það oft og tíðum lokaþáttur lífs hans, að hann hefir glatað frelsi sínu og sjálfstæði og komist undir manna hendur. Hann hefir glatað traustinu á sjálfum sér og hjá öðrum samþegnum og er því gersamlega varnarlaus og ósjálfráður um gerðir sínar að nálega öllu leyti. Há siðferðisvitund er því nauðsynleg til þess að skapa sjálfstæði almennings og einstaklinga, sem birtist í reglubundnu og siðferðilega hreinu lifi og sem um má segja í orðsins fyllstu merkingu: „Hann vildi ekki vamm sitt vita“.

### 3. Hugrænt sjálfstæði

Kem ég hér að mjög mikilvægu íhugunarefni. Að ná valdi yfir hugsuninni er mjög þýðingarmikið atriði. Mennt halda að hugsanirnar séu þeir sjálfir, en svo er þó eigi. Hugsanir og tilfinning eru eðlisþættir eða tæki, sem sjálfsveran eða hið innsta eðli mannsins notar sem verkfæri til þess að komast í samband við hið ytra umhverfi og skynja það. En sjálfsveran þarf langan tíma til þessað þroska og þjálfna þessi verkfæri sín og fullkomna til þess að þau verði fyllilega nothæf og í þessu liggur, meðal annars, þróun einstaklingsins og mannkynsins í heild sinni. Maðurinn þarf að ná fullu valdi yfir hinum hugrænu hæfileikum sínum og halda áfram þangað til að því er komið, að hann getur í raun og veru ævinlega ráðið því, hvað hann hugsar. Mennt halda almennt að þessu sé ekki þann veg farið, en ef menn athuga betur, þá geta menn orðið þess varir með mjög einfaldri tilraun. Ef menn reyna, þó ekki sé nema eina eða tvær mínútur, að halda huganum föstum við eitt ákveðið hugtak og sleppa því ekki og útiloka allar aðrar hugsanir á meðan, þá munu þeir fyrst í stað komast að raun um, að þetta er ekki eins létt verk og menn halda í fljótu bragði. Þá verða menn þess varir, að hugurinn er mesta ótemja, sem hleypur á augabragði frá einni hugmyndinni til annarra og alls konar óboðnir gestir koma inn í hugann og heimta að sér sé veitt móttaka, og ef sjálfsveran hefir ekki þroskaðan og fastan hugsanaferil, þá ræður hún ekki við þetta nema að mjög litlu leyti.

Mannkynið er nú óðum að feta inn á þá braut, að þroska hugsanahæfileikann og reyna að ná tökum á honum og gera hann sér undirgefinn. Er ýmislegt, einkum nútíðartæknin, sem veitir markverða ytri aðstoð í þessu efni. Á ég þar við vélgæslu ýmiss konar, stjórn á bifreiðum og flugvélum og loftförum. Allt þetta knýr manninn til þess, við og við, að beita ákveðinni fasthygli og æfa hana, sem er fyrsta stigið á braut hinnar hugrænu þjálfunar.

Menn verða að ná það miklum tökum á hugsuninni, að þeir kunni að loka henni þannig fyrir utanaðkomandi áhrifum, að ekkert viðfangsefni, sem berst þeim, verði viðurkennt fyrr en þeir hafa alveg ópersónulega yfirvegað það frá öllum hliðum og athugað kosti þess og galla og að þeirri leið komist að raunverulegri niðurstöðu um það, hvort það sé nothæft og hagkvæmt. Þegar svo er komið má segja, að maðurinn sé búinn að ná sémilega hugrænu sjálfstæði. Þá lætur hann engin átrúnaðargoð sannfæra sig um gildi hlutanna. Hann gerir það sjálfur.

### 4. Andlegt sjálfstæði

Þegar maðurinn er búinn að ná tökum á athöfnum sínum, siðferðiskennd og hugrænu ástandi sínu, eins og því er lýst hér að framan, þá er búið að opna leiðina að hinu andlega sjálfstæði. Þá getur sjálfsveran, hinn innri maður, ráðið óskorað yfir athöfnum, tilfinningum og hugsunum og þá er öllu óhætt. Þá getur maðurinn í raun og veru ekki gert neitt það, sem er í sjálfu sér rangt eða ljótt. Og upp frá þeirri stundu er hann í raun og sannleika sjálfstæður maður frá almennu sjónarmiði séð og frumskilyrðunum fyrir persónulegu sjálfstæði er fullnægt. Er hinum ytri kröfum til þess að fullnægja þessu sjálfstæði lýst í grein minni

„Þjóðskipulag og þróun“, í kaflanum um hinn góða þjóðfélagsþegn. Ég þarf því eigi að endurtaka hér þessar kröfur, en vitna einungis til þess, svo lesandinn geti glöggvað sig betur á þeim, ef honum sýnist svo.

## Sjálfstæði þjóðar

Kem ég þá að þeirri hlið sjálfstæðis, sem veit að þjóðarheildinni. Það er í sjálfu sér ekki unnt að tala um þjóðarsjálfstæði eða hugsa sér það nema til sé allálitlegur fjöldi manna innan þjóðfélagsins, sem eru sjálfstæðir þegnar og hefi ég reynt í mjög stuttu máli að benda á hér að framan aðalatriðin í því sjálfstæði og hverju beri að fullnægja, til þess að unnt sé að skapa, halda og viðhalda sjálfstæðri þjóð og þjóðerni. Ég mun í þessu sambandi benda á sömu atriðin og í sambandi við sjálfstæði einstaklingsins og benda á, hvernig þau eigi að birtist með þjóðinni, til þess að hún geti í raun rétttri orðið sjálfstæð og haldið áfram þroska sínum á þeirri braut.

### 1. Athafnasjálfstæði og hagsmuna

Hagsmunir heildarinnar eru samsettir og samofnir af hagsmunum einstaklinganna. Einstaklingshyggjumönnum hættir um of við að láta hagsmuni hins opinbera lúta sínum hagsmunum. Í viðskiptum þeirra við hið opinbera á það ævinlega að bera hallann. Ef allir hugsuðu svo og gætu framfylgt því, yrði ekki mikið úr getu hins opinbera til þess að fullnægja skyldum sínum sem valds og verndara þegnanna. Menn verða að skilja það, að þegar þeir meðhöndla fjármuni annarra, þá ber þeim ekki minni skylda til þess að sjá þeirra hag en sinn eigin. Ég þekki þess dæmi, að menn, sem eru mjög nákvæmir og samhaldssamir og aðgætnir á eigin fé og hyggjast í meðhöndlun þess, eru mjög ógætnir og, að því er manni virðist, kærulausir í meðferð fjármuna, sem annað hvort er eign hins opinbera eða félaga og stofnana. Ber það vott um ábyrgðarleysi og siðferðisbrest í þessu efni. Allir, sem eiga að hafa umsjón með opinberum verkum og framkvæmdum, verða að hafa það hugfast, að sem allra drjúglegast verður að fara með fé það, sem til framkvæmdanna er ætlað, þannig, að sem mest raunverulegt verðmæti komi í aðra hönd. Allt, sem gert er fyrir hið opinbera, verður að vera vandað og traust og af besta efni, því það er í raun rétttri og verður þegar til lengdar lætur, hið ódýrasta, enda á hið opinbera að njóta alstaðar bestu kaupkjara, vegna þess að það greiðir ævinlega verðið án tafar og verður að gera það. Allir, sem skipta við hið opinbera, verða að sjá þess hag, eins og sinn eigin, svo afkoma þess verði sem best, og því betri sem ástæður þess verða, því meiri fjárhagsleg trygging er það öllum þegnum þjóðfélagsins. Þetta er nauðsynlegt, til þess að efla sjálfstæði heildarinnar og ríkisins. Það á því aldrei að eyða meiru á hverjum tíma, en því, sem það hefir í raun og veru ráð á og einnig að gæta þess, að taka ekki lán, nema þegar þess er ekkert undanfæri, því vextir lána eru í raun rétttri tapað fé. Þjóð, sem vill skapa og viðhalda efnalegu og fjárhagslegu sjálfstæði sínu, verður að miða allt, sem hún gerir, nákvæmlega við þá getu, sem hún hefir á hverjum tíma, því fari hún út fyrir það, er hún að ráðstafa og nota fé, sem hún í raun rétttri á ekki. Með hana gegnir alveg sömu reglu og einstaklinginn. Hann er orðinn beinlínis og óbeinlínis ósjálfstæður ef hann skuldar öðrum fé. Það er ekki víst að hann sé látinn skilja það í viðskiptunum, að á honum hvíli kröfur, en hætt er við, að það minnki frekar en auki siðferðilegt sjálfstæði og athafnasjálfstæðið um leið.

Þeir, sem eru forráðamenn hins opinbera, hafa mikla ábyrgð á hendi þegar um þessi efni er að ræða, því að það er undir þeirra tiltektum komið, hvort hið opinbera athafnasjálfstæði vex eða dofna.

## 2. Siðrænt sjálfstæði

Pegar um hið siðræna sjálfstæði er að ræða, þá er í raun réttri vandinn ekki minni. Hið opinbera má aldrei gera neitt það, sem gefur lakara fordæmi en það, sem heimtað er af hverjum einstökum þegn. Vil ég benda á eitt dæmi þessu til skýringar. Mér er sagt, að til séu lög, sem banna okur, og eigi megi menn lána fé við meiri vöxtum en 6 af hundraði. Nú er það öllum vitanlegt, að bankar, sem eru opinberar stofnanir, lána fé við hærri vöxtum en þetta, og hefir svo verið um mörg ár. Það er löglega saknæmt að lána fé með herra verði en 6 af hundraði og þó fer hið opinbera lengra en þegnum þess er leyft í þessu efni og brýtur þessi lög. Þetta hefir áreiðanlega haft spillandi áhrif og illar siðferðilegar afleiðingar. Einstaklingarnir lána fé gegn miklu hærri vöxtum, en gera það á þann hátt, að ekki er unnt að hafa hendur í hári þeirra. Hið opinbera hefir gefið tilefni til svika, sem er siðferðilegur blettur á þjóðinni sem heild. Ef ekki er unnt að lána fé við lægri vöxtum úr opinberum bönkum en 7 eða 8 af hundraði, þá á löggjöfin um leið að sjá svo um, að einstaklingarnir hafi sama rétt. Þá á hið opinbera miklu sterkari siðferðilega aðstöðu og lagalega til þess að hegna fyrir brot á þessum lagaákvæðum.

Forráðamenn hins opinbera verða ævinlega að hafa það hugfast, að setja alltaf siðferðismarkið herra í öllum greinum en það takmark er sett, sem þegnum er ætlað að fylgja. Ég get bent á fleiri dæmi í þessu efni, en læt þetta duga. Ég býst við að lesendurnir geti sjálfir fundið fleiri. Ég gæti talið upp ýmis þau atriði og reglur, sem ráðendur og löggjafar hvers þjóðfélags verða að hafa í huga, ef þjóðin á að ná sterkari siðferðilegri aðstöðu, bæði inn á við og út á við, en til þess brestur bæði tíma og rúm og yrði ég þá að benda á atriði, sem eru of ný og mætti leggja rangan skilning og persónulegan í tilgang minn, en slíkt vil ég forðast. Mál þessi á að athuga frá ópersónulegu og almennu sjónarmiði. Þjóðin verður að setja sér hátt siðferðismark og stefna að því án tafar, ef hún ætlar sér að varðveita frelsi sitt og sjálfstæði um ókomnar aldir.

## 3. Hugrænt sjálfstæði

Með þessu hugtaki á ég við nokkur aðalatriði, sem gefa verður gætur, ef vel á að fara. Leiðtogar þjóðarinnar í landsmálum verða að hafa það hugfast, að þeir ráða yfir og móta hugsunarháttinn að miklum mun er ríkir í landinu á hverjum tíma, að minnsta kosti á meðan almenningur hefir ekki lært að hugsa sjálfstætt. Það veltur því á miklu, að þeir fari leiðir, sem eru réttar og frambærilegar og gangi ekki svo langt, að misbjóða réttlætistilfinningu almennings. Eitt af þeim atriðum, sem hér koma til greina, er stefnufesta, (princíp), það er samkvæmni í hvívetna. Án þess að fylgja hinni gullvægu reglu samkvæmninnar verða leiðtogarnir í vandræðum og tapa allri virðingu skynbærra manna. Það er ekkert við það að athuga þó að menn hafi mismunandi skoðanir á hlutunum, en þeir verða að haga sér í nákvæmu samræmi við þessar skoðanir sínar.

Til þess að skýra þetta nánar, vil ég benda á eitt atriði. Oft ganga menn í félög, sem hafa ákveðið stefnumark í starfsemi sinni og öllum er vel kunnugt um þetta stefnumark. Góðtemplarafélagið hefir algert áfengisbann á stefnuskrá sinni og er hún í raun réttri grundvallarlög þess. Allir, sem í þann félagsskap ganga, verða að viðurkenna og skrifa undir þessi lög. Nú er það vitanlegt, að til eru þeir menn, sem hafa gengið í þennan félagsskap, sem eru í skoðunum algerir og ákveðnir andbanningar. Þessir menn verða ætíð í ósamræmi við störf og stefnu félagsins, enda er reynslan sú, að þeir hafa aldrei verið tryggir fylgismenn þess. Með atferli þessu er verið að villa á sér heimildir og samþykkja það og undirskrifa, sem menn

eru í hjarta sínu og hugsun gersamlega andvígir. Slíkt háttalag er fullt ódrenskapar og óheilinda. Það er ekkert við það að athuga, þó að menn hafi skoðanir, og það er sjálfsagt, en þeir eiga þá að haga sér í fullu og nákvæmu samræmi við þær. Andbanningar eiga að vera í andbanningafélagi og bannmenn í bannfélagi. Það er hrein og heiðarleg athöfn og hreinn og stefnufastur hugsunarháttur. Annað er svik.

Menn verða að æfa og þroska dómgreindina, til þess að geta athugað hlutina og hugsað rökrétt og byggt á því þær ákvarðanir, sem eru í fullu samræmi hver við aðra. Hið hugræna sjálfstæði þjóðar byggist á því, að leiðtogar hennar fari í öllu leið stefnufestunnar. Þá er almenningi miklu léttara að átta sig á málnum og taka sínar eigin ákvarðanir. En þar sem ósamræmið og ósamkvæmnin er ríkjandi, er allt á hverfanda hveli og allt í óvissu um menn og málefni.

#### 4. Andlegt sjálfstæði

Því fleiri sem þeir verða meðal þjóðarinnar, sem hafa náð langt áleiðis að því marki, sem ég hefi bent á hér að framan í sambandi við athafna, siðrænt og hugrænt sjálfstæði, á því hærra andlegt þroskastig kemst þjóðin sem heild. Þau óbeinu áhrif, sem þessir einstaklingar hljóta að hafa, eru mikil, því þeir eru sterkir bæði andlega og siðferðilega. Þeir þurfa ekki að ganga út á götur og gatnamót til þess að prédika mönnum sannleikann um hið rétta líf og hina réttu afstöðu til hlutanna. Þeir verka út frá sér í allar áttir eins og sterk útvarpsstöð og senda frá sér stöðug áhrif réttlætis, samræmis og samúðar, sem verka á alla undantekningarlaust og skapa með því sterka og andlega heilbrigða þjóð. Og slík þjóð, þó að hún sé fámenn, er sá andlegi siðferðilegi jötunn, sem ekkert ytra vald getur yfirbugað, því satt er orðtækið, sem haft er eftir einum austurlenskum konungi endur fyrir löngu: Ég bið guð almáttugan að vernda mig fyrir vinum mínum, því að gegn óvinum mínum mun ég vernda mig sjálfur. Með öðrum orðum: Allar hættur koma innan að, en eigi frá öðrum, og það á engu síður við um þjóðirnar en einstaklingana.

#### Sjálfstætt ríki

Allt það, sem ég hefi sagt hér að framan, er að minni hyggju skilyrði fyrir því, að unnt sé að skapa og viðhalda sjálfstæðu ríki. Það má í orði kveðnu búa til ríki, og fá það jafnvel viðurkennt af öðrum, en til þess að viðhalda því þarf meira. Það má segja, að sama máli sé að gegna um það og mann, sem erfir gnægð fjár, en þekkir ekki gildi fjármuna. Hann sólundar arfinum á stuttum tíma og er orðinn handbendi annarra áður en varir. „Það er ekki minni vandi að gæta fengins fjár, en afla þess“, á við í þessu sambandi. Það er ekki nægilegt að vera viðurkennt ríki, en hafa ekki tök á að halda því og viðhalda. Og því minna sem ríkið er, því meiri nauðsyn er á að þessa sé gætt sem best.

Eitt af því sem nauðsynlegt er að hafa nánar gætur á, er að enginn þegn annars ríkis nái eignarhaldi á landi og landsréttindum í landinu, því að það er fyrsta skilyrðið til þess að verða háður öðrum, því að ef á að reyna á einhvern hátt, heildarinnar vegna, að takmarka þau réttindi, sem þessu fylgja, er hætt við að ríkið, sem hlutaðeigandi nýtur verndar í, og hvers þegn hann er, fengi tækifæri til þess að skipta sér af málinu og hindra það, að málið næði fram að ganga. Kæmi þetta fyrir er hlutaðeigandi ríki ekki lengur valdhafi yfir landi sínu og réttindum þeim, sem því fylgja. Það er í raun rétttri ekki myndugt. Það er þá komið undir yfirráð annarra. Sama gildir þegar um landhelgisrétt er að ræða. Hann verður að vernda og varðveita til þess að sá réttur, sem þegnarnir eiga heimtingu á, sé eigi í neinu skertur. Enga

samninga má því gera, sem takmarka þessi réttindi, því að öðrum kosti er ríkið í hættu statt. Skuldir við önnur ríki verða að vera mjög takmarkaðar, ef vel á að fara, því séu þær verulegar, er hætt við að óbeinna áhrifa gæti í við skiptum við lánardrottna og að mun örðugra verði að gera hagkvæma viðskiptasamninga við þá, því þeir vita, að þeir eiga nokkuð undir sér, jafnvel þó að fastir samningar séu um lánin og allt vel um búíð að öllu leyti. Hverjum manni er ævinlega örðugra að vernda rétt sinn gagnvart þeim, sem hann skuldar, vegna þess að hann hefir það greiða af hans hendi, heldur en hinum, sem engum skuldar og er öllum óháður. Þessa verður ríki vandlega að gæta, engu síður en einstaklingar, vegna þess að þar er hættan meiri ef illa tekst til.

Sjálfstæði ríkis stendur ekki eingöngu á þeim grundvelli, sem ég nú hefi nefnt. Það verður að gæta þess, að ákveðnum siðferðiskröfum sé fullnægt, bæði inn á við og út á við, ef vel á að fara. Það er eigi unnt að viðhalda ríki, sem gætir eigi þessara krafna í hvívetna. Hefi ég getið þeirra að nokkru hér að framan. Það verður að gera meiri kröfur til hins opinbera í þessu efni en einstaklinga, og jafnvel setja markið ennþá hærra. Þannig verða öll viðskipti að vera byggð á fullkomnum áreiðanleika og ekkert má segja eða gera, sem eigi stendur nákvæmlega heima. Allir þegnar þessa ríkis eiga að geta sagt, að allt það, sem okkar stjórn gerir út á við og inn á við, sé byggt á fyllsta áreiðanleika. Því á að vera óhætt að treysta. Öll vara, sem út er flutt, sé nákvæmlega í því ástandi, sem hún er sögð vera. Það má ekki bregðast. Þetta skapar siðferðilegt traust, sem allir bera virðingu fyrir og er vottur þess, að hér er um þjóð að ræða, sem stendur á háu siðferðilegu þroskastigi.

Sé þessu fullnægt, er eigi nein hætta á að hinu hugræna og andlega sjálfstæði ríkis sé nein hætta búin. Það kemur af sjálfu sér. Sú þjóð, sem hefir byggt sér traustan, siðrænan grundvöll til þess að byggja tilveru sína á, þarf eigi að vera hrædd um sjálfstæði sitt. En menn verða ævinlega að gæta þess, að því fámennari sem þjóðin er, því þroskaðri þurfa þegnarnir að vera, til þess að geta haldið sjálfstæði hennar. Því er það, að mínum dómi, bráðnauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga, ef við í raun og veru ætlum að halda og viðhalda íslensku sjálfstæðu ríki í framtíð, að gæta þess nákvæmlega, að gera sem mestar kröfur til ríkisvalds, löggjafar og þegna, að setja sér hátt siðferðismark í öllum greinum, því án þess megnum við ekki, jafnlítill þjóð og við erum, að standa gegn straumi áleitni og áhrifa þeirra sterku þjóða og þjóðerna, sem nálægt okkur búa.

## Þjóðerni

Ég get eigi lokið við þessar stuttu og ófullkomnu athuganir án þess að fara fáum orðum um þjóðernið.

Hvers vegna er mönnum svo umhugað um að verða sjálfstæðir og mynda sjálfstætt ríki og viðhalda því.

Fyrst og fremst vegna þess, að sjálfstæðishvötin er nátengd hinu innra lífi manna og því óaðskiljanleg.

Í öðru lagi vegna þess, að þjóðernið er sérstök heild, sem vaxið hefir upp frá nokkrum persónum, sem voru eins konar frumfræ, til þess að fæða það af sér og leggja sinn skerf til þess að það gæti orðið til.

---

Í þriðja lagi er það svo hin ytri náttúra, sem hefir lagt sinn síðasta skerf til þess að móta það og halda því við. Þess vegna myndast þjóðir og þjóðerni í ýmsum löndum með mismunandi lyndiseinkennum og útliti, hæfileikum og áhugamálum.

Mótun og myndun þjóðanna er engin tilviljun. Tilviljun er í raun rétttri ekki til. Við köllum eitthvert fyrirbrigði, sem við verðum vör við, tilviljun af þeirri einföldu ástæðu, að við höfum ekki komið auga á orsök þess. Þróun alls lífs, allra veralda eða heima, þjóða og einstaklinga fer í aðalatriðum eftir ákveðnum lögmálum. Hver þjóðin kemur á eftir annarri, fæðist og deyr, eins og mennirnir og lifa í líku hlutfalli við þá, unglingsár, þroskaár, fullorðinsár og hverfa svo að lokum, til þess að víkja fyrir nýjum þjóðum og þjóðernum. Og hvers vegna gerist þetta? Vegna þess að hvert þjóðerni hefir ákveðið markmið, ákveðinn tilgang, á að þroska ákveðna tegund af menningu, sem einstaklingar þess tileinka sér og skila svo að lokum fullþroskaðri í hendur nýjum þjóðernum, sem á eftir koma. Af þessum ástæðum, meðal annars, hefir mótast úrval, sem sækir brott til nýrra landa og nemur þau, til þess að móta nýja menningu, þroska hana og varðveita og skila henni að lokum í hendur framtíðarinni.

Það er því engin tilviljun, að minni hyggju, að hér í landi hefir mótast sérstakt þjóðerni með alveg sérstökum eiginleikum og sérkennum, sem engar aðrar þjóðir eiga. Þetta þjóðerni á að vaxa og fullþroska ákveðnar menningarhliðar og varðveita þær, til þess að á þeim grundvelli verði reist menning, sem eigi sér dagsins ljós fyrr en liðnir eru tugir eða jafnvel hundruð þúsunda af árum.

Íslendingum er fengið í hendur hlutverk, sem þeir bera ábyrgð á, og það er á þeirra valdi, hvort þessari áætlun verður fullnægt eða eigi. Við stöndum nú á alvarlegum tímamótum og er ekki sama hvernig menn snúast við lausn verkefnanna. Á því veltur allt. Ef íslenska þjóðin bregst hlutverki sínu verður öðru þjóðerni fengið það í hendur.

**JÓN ÁRNASON**